

## FORSETAÚRSKURÐUR

### um breytingu á forsetaúrskurði nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. forsetaúrskurðarins:

1. Á eftir o-lið 1. tölul. kemur nýr stafliður, p-liður, sem orðast svo: Ráðgjafa um upplýsingarétt almennings.
2. Við 6. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Greiðslu bóta vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. forsetaúrskurðarins:

1. 4. tölul. orðast svo: Viðskiptalíf, almenna lagaumgjörð, þar á meðal:
  - a. Opinberar eftirlitsreglur.
  - b. Rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.
  - c. Rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.
  - d. Frum- og milliinnheimtu peningakrafna.
  - e. Vixla, tékka og skuldabréf.
  - f. Fyrningu kröfuréttinda.
  - g. Ábyrgðarmenn.
  - h. Hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, þ.m.t. einkaleyfi, vörumerki, félagamerki, uppfinningar starfsmanna og hönnun.
  - i. Hugverkastofu.
  - j. Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar.
  - k. Félagarétt, þ.m.t. bókhald, endurskoðendur og ársreikninga.
  - l. Skráningu fyrirtækja og félaga og málefni fyrirtækjaskrár, ársreikningaskrár og almannaheillafélagaskrár.
  - m. Skráningu raunverulegra eigenda.
  - n. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.
  - o. Framkvæmd útboða.
  - p. Samkeppnismál.
  - q. Samkeppniseftirlitið.
  - r. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála.
  - s. Staðla og Staðlaráð Íslands.
  - t. Faggildingu.
  - u. Löggildingu viðskiptafræðinga og hagfræðinga.
  - v. Löggildingu endurskoðenda og málefni endurskoðendaráðs.

2. Á eftir i-lið 5. tölul. koma tveir nýir staflíðir, j- og k-liður, sem orðast svo:
  - j. Gjaldtöku vegna fiskeldis í sjó.
  - k. Fiskeldissjóð.
3. 8. tölul. orðast svo: Neytendamál, þar á meðal:
  - a. Eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
  - b. Vöruöryggi, þ.m.t. vörur unnar úr eðalmálmum.
  - c. Neytendalán.
  - d. Lausafjárkaup, fasteignakaup, neytendakaup og þjónustukaup.
  - e. Úrskurðaraðila á sviði neytendamála.
  - f. Samningarétt.
  - g. Pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.
  - h. Skiptileigusamninga fyrir afnot af húsnæði í orlofi eða frístundum o.fl.
  - i. Neytendasamninga.
  - j. Mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.
  - k. Neytendastofu.
  - l. Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.
  - m. Áfrýjunarnefnd neytendamála.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. forsetaúrskurðarins:

1. Á eftir 6. tölul. kemur nýr tölul., 7. tölul., sem orðast svo: Refsingar fyrir hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði.
2. E-liður 11. tölul., sem verður e-liður 12. tölul., orðast svo: Náðun og sakaruppgjöf.
3. C-liður 21. tölul., sem verður c-liður 22. tölul., orðast svo: Persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
4. Á eftir c-lið 21. tölul., sem verður c-liður 22. tölul., kemur nýr staflíður, d-liður, sem orðast svo: Vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.
5. Í stað orðsins „Helgidagafrið“ í g-lið 24. tölul., sem verður g-liður 25. tölul., kemur: Frið vegna helgihalds.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. forsetaúrskurðarins:

1. 4. tölul. orðast svo: Húsnæðis- og mannvirkjamál, þar á meðal:
  - a. Húsnæðislán.
  - b. Greiðslujöfnun fasteignaveðlana til einstaklinga.
  - c. Greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.
  - d. Húsnæðissjóð.
  - e. Húsaleigumál.
  - f. Húsnæðisbætur.
  - g. Húsnæðissamvinnufélög og byggingarsamvinnufélög.
  - h. Almennar íbúðir.
  - i. Húsnæðissjálfs eignarstofnanir.
  - j. Húsnæðismálasjóð.
  - k. Fjöleignarhús.
  - l. Frístundabyggð.
  - m. Kærunefnd húsamála.
  - n. Eftirlit með mannvirkjum og gerð þeirra.

- o. Brunavarnir.
  - p. Eftirlit með byggingarvörum.
  - q. Eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum.
  - r. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
2. 5. tölul. fellur brott.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. forsetaúrskurðarins:

1. Við 2. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: ÍL-sjóð.
2. Í stað tilvísunarinnar „III“ í a-lið 3. tölul. kemur: V.
3. Á eftir orðunum „þ.m.t. málefni“ í a-lið 4. tölul. kemur: Skattsins og.
4. Í stað orðsins „tollstjóra“ í b-lið 4. tölul. kemur: Tollgæslu Íslands.
5. Í stað tilvísunarinnar „32. gr.“ í f-lið 7. tölul. kemur: 37. gr.
6. Í stað tilvísunarinnar „34. gr.“ í g-lið 7. tölul. kemur: 40. gr.
7. 8. tölul. orðast svo: Fjármálamarkað, lagaumgjörð og eftirlit, þar á meðal:
  - a. Fjármálafyrirtæki.
  - b. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.
  - c. Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
  - d. Verðbréfamarkaði.
  - e. Úrskurðarnefnd verðbréfamiðstöðva.
  - f. Innstæðutryggingar.
  - g. Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.
  - h. Afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.
  - i. Vátryggingar og vátryggingastarfsemi.
  - j. Ökutækjetryggingar.
  - k. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.
  - l. Dreifingu vátrygginga.
  - m. Úrskurðarnefnd um dreifingu vátrygginga.
  - n. Náttúruhamfaratryggingu Íslands.
  - o. Úrskurðarnefnd náttúruhamfaratryggingar.
  - p. Greiðslukerfi og greiðsluþjónusta.
  - q. Milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur.
  - r. Skortsölu og skuldatryggingar.
  - s. Viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.
  - t. Vátryggingasamstæður.
  - u. Lánshæfismatsfyrirtæki.
  - v. Evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.
8. Í stað tilvísunarinnar „21. gr.“ í c-lið 10. tölul. kemur: 31. gr.

## 6. gr.

6. tölul. 6. gr. forsetaúrskurðarins orðast svo: Annað, þar á meðal:

- a. Græðara.
- b. Þungunarrof.
- c. Ófrjósemisaðgerðir.
- d. Ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. forsetaúrskurðarins:

1. Á eftir c-lið 2. tölul. kemur nýr stafliður, d-liður, sem orðast svo: Lýðskóla.
2. 4. tölul. orðast svo: Vísindamál, þar á meðal:
  - a. Rannsóknastarfsemi, einkum á sviði grunnrannsókna.
  - b. Vísindastarfsemi sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
  - c. Opinberan stuðning við vísindarannsóknir.
  - d. Vandaða starfshætti í vísindum.
  - e. Nefnd um vandaða starfshætti í vísindum.
  - f. Rannsóknarsjóð.
  - g. Innviðasjóð.
  - h. Samtök um evrópska rannsóknarinnviði.
  - i. Umsýslu og undirbúning fundu fyrir Vísinda- og tækniráð.
  - j. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum.
  - k. Rannsóknamiðstöð Íslands.
3. Við d-lið 7. tölul. bætist: þ.m.t. sviðslistaráð og sviðslistasjóð.
4. Á eftir i-lið 7. tölul. kemur nýr stafliður, j-liður, sem orðast svo: Stuðning við útgáfu bóka á íslensku.
5. Á eftir a-lið 8. tölul. kemur nýr stafliður, b-liður, sem orðast svo: Sameiginlega umsýslu höfundarréttar.
6. Við 12. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Samskiptaráðgjafa íprótta- og æskulýðsstarfs.
7. Orðið „ríkisins“ í a-lið 13. tölul. fellur brott.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. forsetaúrskurðarins:

1. Á eftir d-lið 3. tölul. kemur nýr stafliður, e-liður, sem orðast svo: Öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.
2. Upphafsmálsliður 6. tölul. orðast svo: Skráningu einstaklinga, lögheimili og aðsetur, fasteignaskrá og fasteignamat, þar á meðal:

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. forsetaúrskurðarins:

1. 3. tölul. orðast svo: Skógrækt og landgræðslu, þar á meðal:
  - a. Gróður- og jarðvegsvernd, þ.m.t. meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.
  - b. Skóga og skógrækt.
  - c. Endurheimt vistkerfa, þ.m.t. votlendis.
  - d. Landgræðsluna.
  - e. Skógræktina.
2. Við 10. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Loftslagsmál.

## 10. gr.

Við 2. tölul. 10. gr. forsetaúrskurðarins bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, þ.m.t. frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna.

11. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 2019.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Katrín Jakobsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 30. desember 2019